

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 915 29. nóvember 2000.

1. gr.

3. gr. breytist þannig:

- a. Nýr liður, 03.01 (3), orðist svo:
- (3) **Gildistaka:** Liður 03.01 (1) vísar frá 10. ágúst 2003 til tilskipunar 2000/40/EB um breytingu á tilskipun 70/156/EBE. Frá, eftir atvikum, 1. janúar 2002, 1. janúar 2003 og 1. janúar 2004 vísar liðurinn til tilskipunar 2000/25/EB um breytingu á tilskipun 74/150/EBE.
- b. Í stað a- til c-liða í lið 03.05 (2) komi nýir liðir (a - d), svo hljóðandi:
 - a. Erlent skráningarskírteini eða samsvarandi fylgiskjal, ásamt staðfestingu á fyrsta skráningardegi, framleiðsluári eða árgerð, komi þessi atriði ekki fram í skráningarskírteininu.
 - b. Staðfesting á burðargetu einstakra ása og leyfðri heildarþyngd.
 - c. Staðfesting á gerð, slagrymi og afli hreyfils ökutækisins.
 - d. Vottorð um niðurstöðu skráningarskoðunar frá faggiltri skoðunarstofu.
- c. Í stað a- til c-liða í lið 03.05 (3) komi nýir liðir (a og b), svo hljóðandi:
 - a. *Ökutæki sem skráð hefur verið almennri skráningu í öðru ríki en EES-ríki, Bandaríkjum Norður-Ameríku eða Kanada:*
Staðfesting eða vottorð frá framleiðanda eða tækniþjónustu um að viðkomandi gerð ökutækisins uppfylli þau skilyrði sem þarfnast skriflegra staðfestinga og talin eru upp í viðauka II og upplýsingar um merkingu hvers tákns eða samstöðu tákna í verksmiðjunúmeri og gerðarnúmeri.
 - b. *Ökutæki með leyfða heildarþyngd 5.000 kg eða minna sem skráð hefur verið almennri skráningu erlendis í eigu hlutaðeigandi í a.m.k. eitt ár og flutt er til landsins sem hluti af búslóð hans:*
Gögn um lögsmætan eiganda.

2. gr.

7. gr. breytist þannig:

- a. 7. mgr. í lið 07.01 (5) orðist svo:
Ljósker fyrir dagljós skulu þannig tengd að þau slokkni sjálfkrafa þegar kveikt er á stöðuljósum eða aðalljósum.
- b. Á eftir „93/92“ í lið 07.20 (7) komi: með síðari breytingum.
- c. Nýr liður, 07.20 (9), orðist svo:
- (9) **Gildistaka:** Liður 07.20 (7) vísar frá 1. júlí 2002 til tilskipunar 2000/73/EB.

3. gr.

8. gr. breytist þannig:

- a. Við lið 08.20 (3) bætist: með síðari breytingum.
- b. Nýr liður, 08.20 (4), orðist svo:
- (4) **Gildistaka:** Liður 08.20 (3) vísar frá 1. júlí 2002 til tilskipunar 2000/74/EB.

4. gr.

9. gr. breytist þannig:
Í stað „80/780 með síðari breytingum“ komi: 97/24.

5. gr.

12. gr. breytist þannig:

- a. Liður 12.30 (8) orðist svo:
Dráttarvél skal uppfylla ákvæði um hámarkshraða skv. EBE-tilskipun nr. 74/152/EBE með síðari breytingum eða sambærilegar reglur.
 - b. Nýr liður, 12.30 (9), orðist svo:
- (9) **Gildistaka:** Ákvæði liðar 12.30 (8) gildir um dráttarvél sem skráð er eftir 1. janúar 2002.

6. gr.

14. gr. breytist þannig:

- a. Á eftir „93/31/EB“ í lið 14.20 (2) komi: með síðari breytingum.
 - b. Nýr liður, 14.20 (4), orðist svo:
- (4) **Gildistaka:** Liður 14.20 (2) vísar frá 1. júlí 2002 til tilskipunar 2000/72/EB.

7. gr.

16. gr. breytist þannig:

- a. d-liður í lið 16.02 (3) orðist svo:
d. Hámarksþyngd hvers nagla má vera 1,1 g. Í hjólbarða sem ætlaður er undir torfærubifreið (t.d. jeppa) eða sendibifreið (C eða LT hjólbarði) má þyngd hvers nagla þó mest vera 2,3 g.
- b. d-liður í lið 16.02 (4) orðist svo:
d. Hámarksþyngd hvers nagla má vera 3 g.
- c. Við lið 16.02 (7) bætist: Ný ákvæði d-liðar í lið 16.02 (3) og d-liðar í lið 16.02 (4) gilda um hjólbarða sem teknir verða í notkun frá 1. september 2002 nema negling hafi átt sér stað fyrir 1. maí 2002.

8. gr.

18. gr. breytist þannig:

- a. Í stað „78/1015 með síðari breytingum“ í lið 18.22 (3) komi: 97/24.
 - b. Á eftir „breytingum“ í lið 18.30 (3) komi: og EB-tilskipun nr. 2000/25.
 - c. Nýr liður, 18.30 (7) orðist svo:
- (7) **Gildistaka:** Liður 18.30 (3) vísar frá, eftir atvikum, 1. janúar 2002, 1. janúar 2003 og 1. janúar 2004 til tilskipunar 2000/25/EB.

9. gr.

Viðauki II breytist þannig:

- a. Í stað tölunnar „4“ í reitunum „D₁“ og „D₂“ við tilskipun 74/152/EBE komi: 2.
- b. Á eftir tilskipun 97/54/EB bætist ný tilskipun:
2000/25/EB Útblástursmengun Talan „2“ komi í reitina D₁ og D₂.
- c. Tilskipanir 78/1015/EBE, 80/780/EBE og 97/54/EB falli brott.

10. gr.

Viðauki III breytist þannig:

- a. Undir **Bifreiðir og eftírvagnar:**

- aa. Í reitinn „Síðari viðbætur“ við tilskipun 70/156/EBE bætist: 2000/40/EB.
 ab. Í reitinn „Síðari viðbætur“ við tilskipun 78/316/EBE bætist: 94/53/EB.
- b. Undir **Bifhjól**:
- aa. Í reitinn „Síðari viðbætur“ við tilskipun 93/29/EBE komi: 2000/74/EB.
 ab. Í reitinn „Síðari viðbætur“ við tilskipun 93/31/EBE komi: 2000/72/EB.
 ac. Í reitinn „Síðari viðbætur“ við tilskipun 93/92/EBE komi: 2000/73/EB.
 ad. Í reitinn „Reglugerðarákvæði“ við tilskipun 97/24/EB bætist: 09.20 (3) og 18.20 (3).
 ae. Tilskipanir 78/1015/EBE og 80/780/EBE falli brott.
- c. Undir **Dráttarvélar**:
- aa. Í reitinn „Síðari viðbætur“ við tilskipun 74/150/EBE bætist: 2000/25/EB.
 ab. Á eftir tilskipun 89/173/EBE bætist ný tilskipun:
- | | | | |
|------------|--|------------------|-----------|
| 2000/25/EB | | Útblástursmengun | 18.30 (3) |
|------------|--|------------------|-----------|

11. gr.

Viðauki IV breytist þannig:

- a. Undir **Bifreiðir og eftírvagnar**:
 Við 1. tölul. (tilskipun 70/156/EBE) bætist ný lína:
- | | | | | |
|--|--|------------|------------------|---------------------------|
| | | 2000/40/EB | L 203 10.08.2000 | ***9/2001; 22, 26.04.2001 |
|--|--|------------|------------------|---------------------------|
- b. Undir **Bifhjól**:
- aa. Við 45.i tölul. (tilskipun 93/29/EBE) bætist ný lína:
- | | | | | |
|--|--|------------|------------------|----------------------------|
| | | 2000/74/EB | L 300 29.11.2000 | ***62/2001; 44, 06.09.2001 |
|--|--|------------|------------------|----------------------------|
- ab. Við 45.k tölul. (tilskipun 93/31/EBE) bætist ný lína:
- | | | | | |
|--|--|------------|------------------|----------------------------|
| | | 2000/72/EB | L 300 29.11.2000 | ***62/2001; 44, 06.09.2001 |
|--|--|------------|------------------|----------------------------|
- ac. Við 45.o tölul. (tilskipun 93/92/EBE) bætist ný lína:
- | | | | | |
|--|--|------------|------------------|----------------------------|
| | | 2000/73/EB | L 300 29.11.2000 | ***62/2001; 44, 06.09.2001 |
|--|--|------------|------------------|----------------------------|
- ad. 40. og 41. tölul. (tilskipanir 78/1015/EBE og 80/870/EBE) falli brott.
- c. Undir **Dráttarvélar**:
- aa. Við 1. tölul. (tilskipun 74/150/EBE) bætist ný lína:
- | | | | | |
|--|--|------------|------------------|----------------------------|
| | | 2000/25/EB | L 173 12.07.2000 | ***10/2001; 22, 26.04.2001 |
|--|--|------------|------------------|----------------------------|
- ab. Á eftir tilskipun 89/173/EBE bætist ný tilskipun:
- | | | | | |
|--|-----------------------|--|------------------|----------------------------|
| | Útblásturs-
mengun | | | |
| | 2000/25/EB | | L 173 12.07.2000 | ***10/2001; 22, 26.04.2001 |

12. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, svo og með hliðsjón af I. og II. kafla II. viðauka við EES-samninginn, öðlast þegar gildi.

Ákvæði reglugerðarinnar gilda um ökutæki sem skráð verða, viðurkennd eða tekin í notkun í fyrsta sinn 1. janúar 2002 eða síðar, nema annað sé ákveðið. Heimilt er nú þegar að útbúa ökutæki í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. október 2001.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Ólafur W. Stefánsson.